

# SMÁBÆJALEIKARNIR Á BLÖNDUÓSI



18. - 19. JÚNÍ 2016

Knattspyrnudeild Hvatar

## ÞJÁLFAHAMAPPA



LEIKJASKRÁ  
OG AÐRAR UPPLÝSINGAR



## Reglur Smábæjaleikamótsins

(Farið er eftir sérreglum Smábæjaleikamótsins og reglugerðum KSÍ)

Við viljum biðja þjálfara/liðstjóra að útskýra þessar reglur vel fyrir keppendum sem og foreldrum til að forðast allan misskilning.

Aðeins þjálfarar/liðstjórar og leikmenn viðkomandi liðs mega vera innan merktis vallarsvæðis. Allir aðrir eiga að vera utan þess. Bannað er að standa á hliðarlínu sem sker velli 6. og 7. flokks á æfingasvæðinu. Stranglega bannað er að ganga þvert yfir aðalleikvanginn.

Prúðustu lið mótsins verða valin í hverjum flokki karla og kvenna. Tillit er tekið til almennrar hegðunnar innan vallar sem utan og stundvísi á leikstað.

Þjálfarar/liðstjórar liðanna verða að sjá til þess að lið þeirra séu tilbúin a.m.k.5 mín fyrir auglýstan leiktíma og í námunda við sinn völl.

Af gefnu tilefni þá verður notast við foreldralínu við hvern völl á svæðinu. Einungis þjálfari og leikmenn mega vera innan við foreldralínuna. Við óskum þess að þjálfarar og liðstjórar liðanna aðstoði okkur við að minna áhorfendur á þessa reglu.

### Leikreglur:

- Í riðlakeppni er stigakeppni. 3 stig eru gefin fyrir sigur og 1 stig fyrir jafntefli.
- Í leikjum er aldrei skráður meiri markamunur en 5 mörk t.d. 5-0, 6-1, 7-2.
- 4. og 5. flokkur leikur í 7 manna liðum enn 6. og 7. flokkur í 5 manna liðum.
- Upphafsspyrna skal tekin á miðju og er heimilt að spyrna í hvaða átt sem er, ekki er þó leyfilegt að skora beint úr upphafsspynu.
- Ekki má skora beint úr innkasti án þess að einhver leikmaður komi við boltann.
- Tekin er miðja eftir að mark er skorað.
- Þegar aukaspyrna er tekin þarf andstæðingurinn að vera í minnst 6 metra fjarlægð.
- Ef lið verða jöfn að stigum í riðlakeppni ræður innbyrðis viðureign, ef enn er jafnt verður farið í leiki liðanna gegn liðinu þar fyrir neðan og svo áfram niður sé þess þörf. Ef jafnt er á öllum úrslitum verður hlutkesti látið ráða.
- Í undanúrslitum og úrslitum gildir sú regla að ef leikur endar með jafntefli þá er framlengt um 1 x 5 mín. Ef ekkert mark er skorað í framlengingu verður hlutkesti látið ráða úrslitum. Dómari kallar þá þjálfarana til sín þegar um hlutkesti er að ræða.

### Hornspyrna:

- Hornspyrna tekin þar sem marklína og hliðarlína skerast í öllum flokkum.

### Markmaður:

- Markmanni í 6., 7. og 8. flokki er heimilt að handleika/grípa boltann eftir sendingu og innkast frá samherja.
- Markmaður má ekki skora beint úr útsparki, þ.e.a.s. þegar hann heldur á boltanum og sparkar út.
- Eftir að boltinn hefur farið aftur fyrir endamörk er markmanni í 5., 6. og 7. flokki bæði heimilt að kasta og sparka boltanum út (hvort sem er hann haldi á boltanum eða leggi hann niður). Í 4. flokki skal markmaður leggja boltann niður ef boltinn fer aftur fyrir endamörk.

### Boltar:

- Í 4. og 5. flokki er leikið er með bolta nr. 4. Í 6., 7. og 8. flokki er leikið með bolta nr. 3.

### Leiktími:

- Leikið er í 2x12 mínútur í 4. og 5. flokki. Leikið er í 2x10 mínútur í 6. og 7. flokki. Leikið er í 2x6 mínútur í 8.fl.

**Nánari skýringar um keppnisfyrirkomulag í hverjum flokki eru á blaði merktu tilteknum flokki**



# Dagskrá og aðrar upplýsingar

Matur er framreiddur í Félagsheimilinu sem er staðsett við hliðina á aðalvellingum en gengið er inn framan.

## Föstudagur 17. júní

18:00 – 22:00 Móttaka keppnisliða í Félagsheimili gengið inn að framan

## Laugardagur 18. júní

07:00-09:00 Móttaka keppnisliða í Félagsheimili gengið inn að framan

07:00-09:30 Morgunverður

### **08:15 Setning mótsins á íþróttavellingum**

08:30-15:30 Knattspyrnuleikir skv. leikjatöflu (Ath hættum fyrr vegna landsleiksins)

11:30-14:00 Hádegismatur (vinsamlegast sýnið þolinmæði ef myndast biðröð)

16:00 ÍSLAND – UNGVERJALAND sýndur á breiðtjaldi í Félagsheimilinu

17:30-20:00 Kvöldverður (vinsamlegast sýnið þolinmæði ef myndast biðröð)

20:00-20:50 Kvöldskemmtun í íþróttahúsinu - **Ingó Veðurguð**

21:30 Fararstjórafundur í Félagsheimilinu (Kaffi, te og vöfflur)



## Sunnudagur 19. júní

07:00-09:30 Morgunverður

09:00-14:30 Knattspyrnuleikir skv. leikjatöflu

12:00-14:00 Pylsugrill á vallarsvæðinu.

15:00 Áætluð mótslok – Verðlaunaafhending

Eftir að síðasta leik lýkur um klukkan 15:00 viljum við biðja öll liðin um að koma sér fyrir í áhorfendabrekkunni við aðalvöllinn. Flokkarnir verða kallaðir upp hver á eftir öðrum.

Við viljum biðja liðin um að vera tilbúin þegar verðlaunaafhendingin hefst, svo allt gangi hratt og örugglega fyrir sig. Vonandi verður þetta allt til þess að allir geti farið glaðir heim eftir skemmtilegt fótboltamót.

# Gisting á vegum Smábæjaleikanna



## Umgengnisreglur:

- Farið er úr skóm í forstofu og útiskór eru ekki leyfðir inni í húsunum
- Húsnæði skal skilað í sama standi og tekið var við því. Þegar þrif fara fram skal haft samband við húsvörð á vakt og sér hann ykkur fyrir hreinlætisáhöldum og ruslapokum.
- Kyrrð og ró skal vera komin á kl. 24:00 (farastjórar ákveða annað fyrir sinn hóp ef þeir vilja ró fyrr).
- Fararstjórar bera ábyrgð á liðum sínum og sjá til þess að vel sé gengið um gistaðina.

## Tengiliðir meðan á dvöl ykkar stendur eru:

- Guðrún Björk Elísdóttir sími: 848-0189 – Leikskólinn
- Í skólanum verður vakt allan sólahringinn sími: 452-4147

Látið tengilið í hverri gistingu fyrir sig vita áður en þið yfirgefið húsnæðið á sunnudag.

## Sundferðir

Innifalið í þáttökugjaldinu á Smábæjaleikunum er ein sundferð fyrir þátttakendur og fararstjóra/liðsstjóra og þjálfara. Sundlaugin er að sjálfsögðu opin fyrir almenning en þeir greiða þá gjald skv. gjaldskrá. Til að hafa eitthvert skipulag á sundferðunum hjá þáttökuliðunum að þá biðlum við til ykkar að reyna koma sundferð ykkar hóps fyrir annað hvort fyrir á milli leikja á laugardeginum eða sunnudeginum eða að móti loknu á sunnudeginum. Við viljum biðja forráðamenn liðanna að virða eftirfarandi skipulag á þeim tíma eða frá kl. 14:30 – 19:30 til að koma í veg fyrir örtröð.

**Ath. ef þessi tími hentar alls ekki með tilliti til leikjaplans sem á eftir að gefa út, hafið þá samband við mótsstjóra um breytingu á tíma.**

### 14:30-17:00:

Tindastóll  
K-1933  
Vestri  
Smári  
Geislinn  
HHF

### 17:00-19:30:

Kormákur  
Samherjar  
ÍA  
Hvöt/Fram  
Haukar  
Einherji

# Sundlaug



## Til athugunar fyrir sundlaugargesti á Smábæjaleikum

Börnum yngri en 10 ára (miðað er við afmælisdaginn) er óheimill aðgangur að sundlauginni nema í fylgd með syndum einstaklingi 15 ára eða eldri.

Ekki er leyfilegt fyrir viðkomandi að hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Hópar barna undir 10 ára aldri skulu ekki fleiri en 15 börn vera í umsjá hvers leiðbeinanda, sem er ábyrgur fyrir hópnum. Til að auðvelda ábyrgðarmanni hópa og starfsfólki sundlaugar að fylgjast með hópum útvegar Hvöt armbönd sem er hægt að fá í sundlauginni til að auðkenna sinn hóp.

Þegar komið er með hóp í sund skal gefa sig fram við starfsmann og fá auðkennisarmbönd fyrir hópinn.

Ætlast er til að hver hópur sé ekki lengur en c.a. 1 klst í einu í sundi og biðjum við liðin um að sýna þolinmæði ef biðtími myndast.

**Fyllsta öryggis skal gætt þegar komið er með hóp af börnum og unglungum í sund.**

**Forráðamenn hópa kynni sér reglur sund- og baðstaða og aðstoði starfsfólk við gæslu.**

**Sýnið öðrum gestum tillitssemi og njótið dvalarinnar**

## Myndataka

Ljósmyndari frá Sport Hero verður á svæðinu báða dagana til að taka myndir af krökkunum spila knattspyrnu. Auk þess verður liðsmyndataka í félagsheimilinu þar sem liðin geta stillt sér upp við flottan EM-bakgrunn. Liðsmyndatakan verður á laugardeginum frá kl 9:00 – 15:00.